

## L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1950.

15

10. febr.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1950 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga ..	kr. 223 900 000.00	kr. 209 753 727.14
2. — —	3. — A.	— ..	71 110 382.00	— 89 208 137.79
3. — —	3. — B.	— ..	10 000.00	— 29 885.77
4. — —	4. —	— ..	1 813 537.00	— 2 230 866.57
5. — —	5. —	— ..	1 500 000.00	— 5 013 488.19
6. Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárlaga —	2 510 000.00	— 104 151 860.25
			Kr. 300 843 919.00	Kr. 410 387 965.71

Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1. Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga ..	kr. 10 169 070.00	kr. 5 717 381.42
2. — —	8. —	— ..	414 357.00	— 505 626.08
3. — —	9. —	— ..	2 315 576.00	— 2 722 517.98
4. — —	10. — I.	— ..	3 363 131.00	— 4 499 024.84
5. — —	10. — II.	— ..	433 375.00	— 549 834.74
6. — —	10. — III.	— ..	4 706 800.00	— 4 837 299.10
7. — —	11. — A.	— ..	13 188 885.00	— 15 856 741.40
8. — —	11. — B.	— ..	943 480.00	— 1 646 448.91
9. — —	11. — C.	— ..	5 686 612.00	— 7 141 470.42
10. — —	11. — D.	— ..	1 350 000.00	— 1 638 892.00
11. — —	12. —	— ..	15 841 162.00	— 16 937 689.77
12. — —	13. — A.	— ..	26 527 500.00	— 27 683 429.98
13. — —	13. — B.	— ..	3 658 000.00	— 6 408 325.78
14. — —	13. — C.	— ..	8 835 000.00	— 9 423 899.29
15. — —	13. — D.	— ..	2 238 698.00	— 1 602 617.12
16. — —	14. — A.	— ..	3 374 850.00	— 4 012 614.97
17. — —	14. — B.	— ..	32 745 189.00	— 39 101 503.70
18. — —	15. — A.	— ..	2 709 225.00	— 2 897 148.47
19. — —	15. — B.	— ..	3 838 347.00	— 3 953 550.44
20. — —	16. — A.	— ..	23 805 630.00	— 27 130 888.80
21. — —	16. — B.	— ..	8 088 450.00	— 8 486 900.21
22. — —	16. — C.	— ..	811 220.00	— 836 578.25
23. — —	16. — D.	— ..	4 600 000.00	— 4 251 687.60
24. — —	17. —	— ..	27 687 310.00	— 28 050 347.16
25. — —	18. —	— ..	6 509 106.00	— 8 080 296.13
26. — —	19. — 1.	— ..	33 500 000.00	— 27 768 086.23
27. — —	19. — 2.	— ..	14 000 000.00	— „
28. — —	19. — 3.	— ..	225 000.00	— 225 000.00
29. — —	19. — 4.	— ..	500 000.00	— 3 147 174.44

15	30.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	kr. 36 417 506.00	kr. 124 862 640.40
10. febr.		Greiðslujöfnuður	— 2 360 440.00	
		Mismunur út- og innborgana		— 20 412 350.08
			Kr. 300 843 919.00	Kr. 410 387 965.71

*Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

16

10. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 105/1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, svo og lögum nr. 70/1952.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað 1. málsg. 1. gr. laga nr. 105/1951 komi:

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Á tímabilinu 20. des. 1952 til 28. febr. 1953 skal greiða verðlagsuppbót á kaup opinberra starfsmanna þannig, að á grunnlaun, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði greiðist uppbót samkvæmt vísitölu 158 stig. Á grunnlaun, sem hærri eru en 1830 kr. á mánuði, skal miða uppbótina við vísitölu 153 stig. Kaup, sem reiknað er samkvæmt 2. málslíð þessarar málsgreinar, skal þó aldrei vera lægra en hæsta kaup samkvæmt 1. málslíð.

Verðlagsuppbót skal greiða samkvæmt næstu málsgrein hér á undan á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 2200 kr. á mánuði. Á þann hluta launa, sem umfram er 2200 kr. á mánuði, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 123 stig.

Hinn 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953 skal verðlagsuppbót breytast þannig, að á grunnlaun, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal greiða uppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu, reiknaðri eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, að viðbættum 10 stigum, en á grunnlaun, sem hærri eru en 1830 kr. á mánuði, skal miða uppbótina við kaupgjaldsvísitölu, reiknaða eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, að viðbættum 5 stigum. Að öðru leyti gilda um ákvörðun verðlagsuppbótarinnar ákvæði næstu tveggja málsgreina hér á undan.

#### 2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 70/1952.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*